

RANNSÓKNARLEYFI

Mál nr. OS2024020064

Rannsóknir vegna áætlunar um vatnsaflsvirkjun

Orkusalan

Kaldakvísl - Múlaþing

Kt.: 560306-1130

Umhverfis- og orkustofnun veitir hér með Orkusölunni ehf., kt. 560306-1130, rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Köldukvíslar í Múlaþingi, í samræmi við 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, og sbr. 40. gr. raforkulaga, nr. 65/2003. Orkusalan er hér eftir nefnd leyfishafi.

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Leyfi þetta er veitt af Umhverfis- og orkustofnun sem tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Leyfið er gefið út með þeim skilyrðum sem sett eru í framangreindum lögum svo og þeim skilyrðum sem tilgreind eru í leyfi þessu.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagna Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Hafrannsóknarstofnunar í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Með vísan til 14. og 13. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993, var landeigendum og réttihöfum á rannsóknarsvæðinu jafnframt kynnt umsóknin og þeim gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

1. Almenn

Leyfi þetta felur í sér heimild til handa leyfishafa til að framkvæma mælingar og rannsóknir á tilgreindu svæði sem afmarkað er í 2. gr. leyfis þessa, sbr. og fylgiskjal 2, á leyfistímanum sem tilgreindur er í 3. gr., og skal rannsóknnum hagað í samræmi við rannsóknaráætlun, sbr. 4. gr. leyfisins.

Leyfið felur hvorki í sér heimild til nýtingar eða virkjunar á vatnasviði rannsóknarsvæðisins, né forgang til slíkrar nýtingar eða fyrirheit um virkjunarleyfi. Komi til nýtingar þarf leyfishafi að sækja um sérstakt virkjunarleyfi og ná samkomulagi við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald fyrir auðlindina eða afla sér eignarnámsheimildar.

2. Staðarmörk svæðis

Leyfið tekur til rannsóknarsvæðis á tilgreindu svæði við Köldukvísl í landi Flata í Eyvindarárdal, Múlaþingi, sbr. nánari afmörkun í hnitaskrá ásamt korti af rannsóknarsvæðinu í fylgiskjali 2 með leyfi þessu, og sem telst hluti af leyfinu.

Komi til þess að leyfishafi telji sig þurfa að breyta eða víkka út rannsóknarsvæðið, ber honum að leita samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar um slík áform, sbr. 4. gr.

3. Gildistími

Leyfi þetta gildir frá útgáfudegi til 4. febrúar 2030.

Rannsóknir leyfishafa skulu hefjast innan eins árs frá útgáfu leyfisins og skal rannsóknum lokið fyrir 4. febrúar 2030.

4. Rannsóknaráætlanir

Leyfishafa ber að haga rannsóknum á leyfissvæðinu í samræmi við rannsóknaráætlun í umsókn sinni sem er fylgiskjal 3 með leyfi þessu. Hann skal árlega gera Umhverfis- og orkustofnun grein fyrir niðurstöðum rannsókna, sbr. 10. gr., og gera jafnframt grein fyrir endurskoðun á áætlun um rannsóknir sínar á leyfissvæðinu ef um veruleg frávik er að ræða frá upphaflegri áætlun eða rannsóknir auknar frá því sem gert var ráð fyrir í rannsóknaráætlun.

Leita skal samþykkis Umhverfis- og orkustofnunar ef verulegar breytingar verða á gildandi rannsóknaráætlun.

5. Skyldur leyfishafa

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Um rannsóknir samkvæmt leyfinu gilda auk laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 58/1998, lög um náttúruvernd nr. 60/2013, skipulagslög, nr. 123/2010 og lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Eftir atvikum ber leyfishafa að sækja um leyfi eða leita samþykkt á framkvæmdum sem leyfi þetta tekur til hjá til þess bærum stjórnvöldum. Framkvæmdir vegna leitar og rannsókna geta eftir atvikum fallið undir framkvæmdir sem kunna að vera háðar umhverfismati, sbr. lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Leyfishafi skal gæta þess að framkvæmdir vegna leitar og rannsókna valdi hvorki munum, mönnum né búpeningi hættu eða skaða.

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu og aðra starfsemi annarra aðila í nágrenni við leyfissvæði, taka tillit til og hafa samráð við þá aðila.

6. Umhverfissjónarmið

Leyfishafi skal gæta þess að raska ekki sérstökum eða sjaldgæfum jarðmyndunum á leyfissvæðinu og skal að öðru leyti taka tillit til umhverfissjónarmiða við leit og rannsóknir samkvæmt leyfi þessu. Jafnframt skal leyfishafi gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast það að menga leyfissvæðið, einkum með tilliti til ákvæða reglugerðar um varnir gegn mengun vatns, nr. 796/1999. Sérstaklega skal þess gætt að olía og önnur spilliefni mengi hvorki land né vatn, og skal leita heimildar viðkomandi stjórnvalda um meðferð slíkra efna eins og við á. Leyfishafa er einnig skylt að tryggja að ástand yfirborðs- og grunnvatnshlota versni ekki, í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Við leit og rannsóknir skal ávallt gæta þess að rask verði sem minnst og ber leyfishafa að fjarlægja öll tæki og önnur vegsummerki á vinnusvæðum sínum og í lok leyfistíma að skilja við leyfissvæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og áður en leit og rannsóknir hófust.

7. Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur, samkvæmt 21. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, eftirlit með framkvæmd leyfis þessa og hefur rétt til að fylgjast með leit, rannsóknum og niðurstöðum þeirra. Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að gögnum sem snerta það með beinum hætti. Stofnunin getur haft samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti Umhverfis- og orkustofnunar. Miðað er við virkt innra eftirlit leyfishafa og skil á gögnum til Umhverfis- og orkustofnunar á stafrænu formi í samræmi við leiðbeiningar stofnunarinnar. Eftirlitskostnaður verður innheimtur á grundvelli skráðra vinnustunda og bókfærðs útlags kostnaðar.

8. Upplýsinga- og tilkynningarskylda

Leyfishafi skal eigi síðar en 1. apríl ár hvert upplýsa Umhverfis- og orkustofnun um umfang rannsókna liðins árs, niðurstöður þeirra og hvort breytingar séu fyrirhugaðar á rannsóknum ársins frá því sem áformað er í rannsóknaráætlun, sbr. 4. gr.

Eigi síðar en sex mánuðum eftir lok leyfistíma skal leyfishafi senda Umhverfis- og orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður rannsókna ásamt upplýsingum um eðli og umfang auðlindarinnar. Leyfishafi skal að öðru leyti fara að ákvæðum 22. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu varðandi upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu.

Upplýsingar sem rannsóknarleyfishafi veitir Umhverfis- og orkustofnun, eða öðrum opinberum aðilum, samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, um rannsóknir svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, eru bundnar trúnaði á gildistíma leyfisins og framlengingar þess svo og á gildistíma nýtingarleyfis sem veitt er rannsóknarleyfishafa í kjölfar rannsóknarleyfis, sbr. 1. mgr. 23. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

9. Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Leyfishafa ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi, sbr. 18. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, vegna tjóns sem kann að hljóttast af starfsemi hans.

10. Framsal

Leyfi þetta verður hvorki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. 32. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu.

11. Afturköllun og endurskoðun

Breytist forsendur leyfis þessa er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að taka leyfið til endurskoðunar. Verði eftirlitsaðili var við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa skal hann veita leyfishafa skriflega aðvörðun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörðun skal afturkalla leyfið. Sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis getur Umhverfis- og orkustofnun afturkallað leyfi þetta án viðvörðunar.

Um afturköllun og endurskoðun á leyfinu fer eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.


Reykjavík, 4. febrúar 2025

Umhverfis- og orkustofnun



Sverrir Aðalsteinn Jónsson

Teymisstjóri



Matthildur B. Stefánsdóttir


Verkefnastjóri

Fylgiskjöl:

1. Kort af rannsóknarsvæðinu ásamt hnitaskrá.
2. Greinargerð með rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Köldukvíslar í Múlaþingi.
3. Umsókn Orkusölnunar ehf., dags. 14. febrúar 2024, ásamt uppfærðri greinargerð dags. 7. júní 2024.

Fylgiskjal 1. Kort

Kort af rannsóknasvæði með hnitum



Mynd 1. Leyfiskort.

Fylgiskjal 2. Greinargerð

Greinargerð með rannsóknarleyfi vegna áætlana um virkjun Köldukvíslar í Múlaþingi

1. Almenn

Umhverfis- og orkustofnun vísar til erindis Orkusölnunnar ehf., kt. 560306-1130 dags. 14. febrúar 2024, þar sem óskað er eftir því að þáverandi Orkustofnun veiti leyfi til rannsókna, til fimm ára, vegna áforma um 2 MW virkjun Köldukvíslar í Múlaþingi, með vísan til 40. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, og III. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalög).

Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Með umsókn Orkusölnunnar fylgdi greinargerð með nánari skýringum á áformuðum rannsóknum í samræmi við leiðbeiningar Orkustofnunar þar að lútandi, ásamt korti og hnitaskrá af fyrirhuguðu rannsóknarsvæði. Eftir yfirferð gagna málsins sendi Orkustofnun umsækjanda bréf dags. 3. júní 2024, þar sem staðfest var móttaka erindis og óskað nánari upplýsinga um nokkur atriði í umsókn. Stofnuninni bárust svör við tilgreindum atriðum með uppfærðri heildstæðri umsókn þann 7. júní 2024, með upplýsingum um landeigendur á fyrirhuguðu rannsóknarsvæði.

Orkustofnun veitti Orkusölnunni rannsóknarleyfi til fjögurra ára sem gildi frá 4. október 2018 til 3. október 2022 til rannsókna vegna áforma um virkjun Köldukvíslar. Frá útgáfu þess leyfis hefur leyfishafi staðið að rennismælingum í Köldukvísl með uppsetningu síritandi vatnshæðarmælis. Gerðar hafa verið sjö rennismælingar og drög að rennislíykli hafa verið sett fram. Tilgangur fyrirhugaðra rannsókna er að afla nauðsynlegrar þekkingar á aðstæðum til virkjunar á svæðinu. Niðurstöður rannsókna verða lagðar til grundvallar við frumhönnun þar sem áætlanagerð, útfærsla og hagkvæmni virkjunar verða metin.

Sótt er um rannsóknarleyfi til fimm ára. Fyrirhugaðar rannsóknir fela í sér landmælingar með GPS-mælingum og gerð hæðarlínukorta, jarðfræðirannsóknir vegna fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar, vatnshæðar-, rennislí- og grunnvatnsmælingar, mat á aurburði, umhverfisgreiningu vegna minja, gróðurfars og jarðmyndana. Fyrirliggjandi slóði upp á ytri Sauðahnúk verður notaður og forðast verður að leggja veg vegna rannsókna, eða vegagerð a.m.k. haldið í lágmarki og beltagrafa notuð vegna jarðfræðirannsókna. Fyrirhugað er að ganga frá landinu í sem næst upprunalegt horf strax að loknum rannsóknum.

Með vísan til 4. mgr. 5. gr. auðlindalaga var umsókn leyfishafa send til umsagnar Umhverfisstofnunar (nú Náttúruverndarstofnun), Náttúrufræðistofnunar Íslands (nú Náttúrufræðistofnun) og Hafrannsóknastofnunar þann 13. júní 2024. Með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, var umsóknin sömuleiðis send þann 19. júní til viðkomandi landeigenda á rannsóknarsvæðinu og HEF veitna ehf. og þeim gefinn kostur á að tjá sig um umsóknina. Þess var óskað að umsagnir bærust Orkustofnun eigi síðar en 5. júlí 2024 frá stofnununum og 10. júlí 2024 frá landeigendum og HEF veitum og jafnframt tekið fram að bærast umsögn ekki fyrir tilgreindan tíma, liti stofnunin svo á að ekki væru gerðar athugasemdir við umsóknina. Alls bárust fimm umsagnir um umsókn leyfishafa.

Í umsögn sinni, dags. 25. júní 2024 sem varðar lífríki í fersku vatni og veiðinytjar, bendir Hafrannsóknastofnun á að umhverfisáhrif af stórum sem smáum virkjunum sé í stórum dráttum þau sömu þó skalinn sé ekki sá sami. Hallað hafi á umræðu um umhverfisáhrif smárra virkjana m.t.t. áhrifa á lífríki í vatni og fátítt sé að gerðar séu lífríkisrannsóknir fyrir slíkar framkvæmdir, sérstaklega þær sem ekki séu tilkynningaskyldar. Fiskur og annað lífríki í Köldukvísl sé ekkert þekkt og áhrif á það muni fara eftir því hve skerðing á rennsli árinna verði mikil. Sveiflur í rennsli geti einnig haft áhrif á Eyvindará. Því telji Hafrannsóknastofnun að rannsóknarsvæðið þyrfti að ná til farvegar Eyvindarár allt til ósa. Rannsóknarvinna og umferð á vettvangi vegna undirbúnings virkjunar kunnir að hafa áhrif á lífríki í vatni og mikilvægt sé að áhrifin verði metin fyrir framkvæmdir. Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að ekki verði óþarfa rask á rannsóknartíma vegna umferðar tækja og að þess verði gætt að mengandi efni berist ekki í vatn á svæðinu. Stofnunin mælist til þess að við allar framkvæmdir verði allra leiða leitað til þess að komast hjá því að vatnsgæði spillist og afkoma lífríkis í vatni versni. Nauðsynlegt sé að huga að mótvægisáðgerðum sem stuðli að því að áhrif framkvæmdanna verði sem minnst. Stofnunin áréttar einnig nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki í vatni áður en ákvörðun verði tekin um framkvæmdir.

Í umsögn sinni, dags. 4. júlí 2024, bendir Náttúrufræðistofnun á að rannsóknarsvæðið sé utan náttúruverndarsvæða og rannsóknaraðferðirnar feli í sér tiltölulega lítið rask. Stofnunin geri því ekki athugasemdir við að rannsóknarleyfi verði veitt til fimm ára.

Umhverfisstofnun (nú Umhverfis- og orkustofnun) vísaði í umsögn sinni, dags. 9. júlí 2024, til stefnumörkunar um vatnsvernd sem fram kemur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027 og skuli leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Tvö straumvatnshlot eru innan rannsóknarsvæðisins; Kaldakvísl (102-1227-R) og Eyvindará 3 (102-1146-R). Umhverfismarkmið þessara vatnshlota er að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Jafnframt eru grunnvatnshlotin Austfirðir (102-292-G) og Eyvindardalur (102-77-G) á afmörkuðu rannsóknarsvæði samkvæmt greinargerð. Umhverfismarkmið þeirra er að vera með góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota hvorki rýrna tímabundið né varanlega. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á vatnsformsfræðilega gæðabætti straumvatnshlotanna, en vatnsformfræðilegt álag geti valdið breytingum á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðabáttum sem eru notaðir til grundvallar ástandsflökkunar vatnshlota. Gera þarf áætlun um að staðfesta vistfræðilegt ástand áður en framkvæmdir hefjast. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að framkvæmdaraðili meti áhrif á þá gæðabætti sem skilgreindir hafi verið fyrir straumvötn samkvæmt stjórn vatnamála til þess að meta hvort framkvæmdin muni valda því að vatnshlotin nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem þeim hafa verið sett.

Umhverfisstofnun (nú Náttúruverndarstofnun) lagði í umsögn sinni áherslu á að fjallað verði um votlendi á rannsóknarsvæðinu í greinargerð og fram komi hvað verði gert til að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir verði skoðaðir. Einnig að rannsóknarleyfishafi gæti ávallt ítrústu varúðar krefjist rannsóknirnar aksturs utan vega sem skuli vera í samræmi við 1. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga. Loks leggur stofnunin áherslu á að raski á svæðinu verði haldið í lágmarki og að við uppgræðslu verði staðargróður notaður eins og kostur sé. Mikilvægt sé að tryggja að vistgerðum sem njóti verndar verði ekki raskað.

Í umsögn eigenda Flata í Eyvindarárdal kemur fram að þau setji sig ekki upp á móti því að umsótt rannsóknarleyfi verði veitt.

Í umsögn sinni, dags. 15. júlí 2024 sem varðar vatnsból þéttbýlisins á Egilsstöðum og í Fellabæ ásamt nærliggjandi sveitum, benda HEF veitur ehf. á að dreifikerfið þjóni um 3.500 íbúum auk matsölu- staða, hótela og mjólkurstöðvar og sé eina trausta vatnsbólið á þessum slóðum. Vatnsbólið sem tekið var í notkun árið 2009 hafi bylt vatnsöryggi og vatnsgæðum á svæðinu en áður fyrr hafi vatnsból verið ótrygg og eða léleg. Vatnsöflunin sé úr þremur borholum, gæði vatnsins séu mjög mikil, lítil leiðni, engin gerlamengun og gæftir góðar. Vatnsöryggi sé lítið víða á Austurlandi vegna þéttni berggrunnins og ekki nema í undantekningartilvikum sem sæmilegt vatnsmagn fáist úr borholum í bergi. Því hafi sveitarfélög sem hyggist afla vatns fyrir þéttbýli í auknum mæli sótt vatn um borholur í áreyrar eða aurkeilur. Staðan við Egilsstaði sé sú að fáir efnilegir kostir séu mögulegir til vatnsöflunar og sé vatnsveitan við Köldukvísl því ákaflega mikilvæg fyrir Egilsstaði, Fellabæ og nágrenni. Þegar þurrka gæti þá skorti víða vatn í sveitum Héraðs og þurft hafi að keyra þangað vatni úr Köldukvíslarveitu. Engin önnur vatnsból á svæðinu séu jafn trygg í öllum aðstæðum og ráði við svo mikla vatnstöku sem Köldukvíslarveita geri. Því hugnist HEF veitum fyrirhugaðar rannsóknir á vatnsaflsvirkjun í Köldukvísl afar illa. Ljóst sé að allt rask á vatnsflæði úr Köldukvísl kunni að ógna öryggi vatnsbólsins og allt rask á upptakasvæði Köldukvíslar kunni að skerða vatnsgæði. HEF veitur andmæli áformum um rannsóknir og byggingu vatnsaflsvirkjunar í Köldukvísl með ofangreindum rökum.

Leyfishafa voru sendar umsagnir sem bárust um málið með bréfi dags. 3. september 2024. Í svarbréfi hans sem barst Orkustofnun með tölvupósti þann 12. september 2024 kemur fram að leyfishafi muni, við komandi rannsóknir, leitast við að varpa ljósi á þau atriði sem ábendingar snúi að og telji að á þessu stigi sé ekkert í þeim að finna sem komið geti í veg fyrir möguleika á virkjun Köldukvíslar, ef vel sé að málum staðið. Leyfishafi vilji koma því á framfæri að allar rannsóknir sem gerðar verði muni framkvæmdar þannig að tillit verði tekið til umhverfissjónarmiða. Ef leggja þurfi vegslóða eða rannsóknin muni fela í sér umtalsvert jarðrask, sem ekki sé reiknað með, verði haft samráð við landeigendur og eftir atvikum Umhverfis- og orkustofnun.

2. Umfjöllun

Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir umsókn Orkusölnunnar ehf. og umsagnir sem stofnuninni bárust, að teknu tilliti til svarbréfs umsækjanda við innsendum umsögnum vegna málsins.

Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun, Náttúruverndarstofnun (áður Umhverfisstofnun) og landeigendur Flata í Eyvindarárdal leggjast ekki gegn rannsóknaráformum Orkusölnunnar en leggja áherslu á rannsóknir á lífríki í vatni, áhrif vegna rennslisbreytinga á vatnasvið Eyvindarár og að áhrif, á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir straumvötn, verði metin í þeim tilgangi að meta hvort fyrirhuguð framkvæmd muni valda því að vatnshlotin nái ekki skilgreindum umhverfismarkmiðum. Mikilvægt er að forðast eða lágmarka rask og koma í veg fyrir mengun á rannsóknartíma og vanda frágang að honum loknum.

HEF veitur andmæla áformum um rannsóknir og byggingu vatnsaflsvirkjunar í Köldukvísl með þeim rökum að Kvíslaveita sé eina trausta vatnsbólið á þessum slóðum og gæði vatnsins séu mjög mikil, fáir efnilegir kostir séu mögulegir til vatnsöflunar og sé vatnsveitan við Köldukvísl því ákaflega mikilvæg fyrir Egilsstaði, Fellabæ og nágrenni.

Hvað varðar umsagnir Umhverfisstofnunar og HEF veitna bendir Umhverfis- og orkustofnun á að ákvæði í 3. mgr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála eiga við um öll leyfi til nýtingar vatns og leyfi til framkvæmda. Fyrirhuguð framkvæmd gæti haft áhrif á vistfræðilegt og efnifræðilegt ástand umræddra vatnshlota, sbr. umsögn Hafrannsóknastofnunar, því er mikilvægt að rannsóknir til undirbúnings fyrirhugaðri virkjun feli í sér athugun á áhrifum nýtingar og tengdra framkvæmda á

vatnshlotin. Framkvæmdaraðili þarf að kanna hvort virkjun Köldukvíslar feli í sér að leita verði heimildar Umhverfis- og orkustofnunar til breytinga á vatnshloti skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála, líft og rakið var í umsögn Umhverfisstofnunar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að óheimilt er að gefa út leyfi fyrir framkvæmdum eða starfsemi ef þær valda því að umhverfismarkmið vatnshlota náist ekki, nema undanþága hafi verið veitt. Mikilvægt er að áhrifamat fyrir vatnshlot sé unnið snemma í undirbúningsferli framkvæmdar, að öðrum kosti er ekki hægt að meta hvort vatnshlot nái eða nái ekki umhverfismarkmiðum og hvort framkvæmdin kalli á heimild til breytinga vatnshlots.

Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild til nýtingar á auðlind né fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi eða virkjunarleyfi, komi til mögulegrar nýtingar á auðlindinni, sbr. 2. mgr. 1. gr. leyfis. Jafnframt er rétt að hafa í huga að áður en til hugsanlegrar nýtingar auðlinda kemur, þ.m.t. virkunar vatnsfalla, ber framkvæmdaraðila að ná samkomulagi við landeigendur og rétthafa auðlindar um hagnýtinguna, eða að öðrum kosti að hafa óskað eftir eignarnámi í samræmi við 23. gr. raforkulaga. Það ferli er sjálfstætt og stendur utan við það mál sem hér er til umfjöllunar.

Sömuleiðis skal áréttað að umrætt rannsóknarleyfi felur í sér almennt leyfi til rannsókna á tilgreindri auðlind, en ekki leyfi til einstakra leyfisskyldra rannsóknarframkvæmda, hvorki yfirborðsrannsókna né rannsóknarborana. Auðlindalögum er hvorki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfis-ömálum, náttúruvernd, skipulagsmálum eða vatnaáætlun, né hrófla við eða víkja úr vegi þeirri löggjöf. Því gilda t.d. ákvæði skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum, laga um náttúruvernd, laga um stjórn vatnamála og laga um lax og silungsveiði um allar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa óháð útgáfu þessa rannsóknarleyfis. Hugsanlegar leyfisskyldar framkvæmdir í kjölfar útgáfu þessa rannsóknarleyfis eru því háðar leyfum þar til bærra yfirvalda. Rannsóknarleyfi þetta raskar því á engan hátt þeirri vernd sem náttúru og umhverfi er tryggð með öðrum lögum. Er þetta áréttað með ákvæðum 6. og 14. gr. leyfisins.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stefnt er að því að rannsaka hagkvæmni þess að nýta fallvatn Köldukvíslar, en slíkur virkjunarkostur þarf að uppfylla m.a. skilyrði Skipulagslaga og eftir atvikum umhverfismat framkvæmda komi til þess að virkjunarleyfis verði óskað. Enn er óvissa um endanlega stærð fyrirhugaðrar virkunar en þar sem stefnt er að því að rannsaka hagkvæmni þess að afl hinnar fyrirhuguðu virkunar geti orðið um 2 MW, felur það í sér að hún fellur ekki undir ákvæði laga um verndar og orkunýtingaráætlun nr. 48/2001, en yrði tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar í samræmi við tölulið 3.15 í 1. viðauka laga nr. 111/2021, um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfis- og orkustofnun tekur undir með umsagnaraðilum um mikilvægi þess að raski sé haldið í lágmarki og áhersla lögð á að gengið sé um svæðið af mestu varkárni og í samræmi við náttúruverndarlög, nr. 60/2013. Einkum ber að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska votlendi, vistkerfum og jarðminjum sbr. ákvæði 1. og 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Við akstur á slóðum er ökumanni skylt að gæta sérstakrar varkárni og forðast að valda náttúruspjöllum sbr. ákvæði 6. mgr. 31. gr. náttúruverndarlaga. Vísast í því efni til 7. og 8. gr. leyfisins.

Umhverfis- og orkustofnun bendir einnig á að landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leyfishafa óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á og ber landeiganda eða umráðamanni að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsókna í samræmi við leyfið, sbr. 1. og 2. mgr. 26. gr. auðlindalaga, sjá og 5. gr. leyfis. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á mikilvægi samráðs við landeigendur og Náttúruverndarstofnun eftir því sem við á. Einnig að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða eftir fremsta megni þannig að sjónrænum áhrifum af rannsóknum verði haldið í lágmarki. Umhverfis- og orkustofnun ítrekar ennfremur að leyfishafi gæti ákvæða 6., 7. og 8. gr. leyfisins við framkvæmd þess.

Umsækjanda voru send áform um ákvörðun þessu ásamt áformuðu leyfi með tölvupósti þann 9. janúar 2025. Með tölvupósti, dags. 10. janúar 2025, staðfesti leyfishafi að ekki væru gerðar athugasemdir við drögin. Umsækjanda voru síðan send áform um breytingu á áformuðu leyfi, varðandi 18. gr. laga um stjórn vatnamála, með tölvupósti þann 30. janúar 2025. Með tölvupósti, dags. 31. janúar 2025, staðfesti leyfishafi að ekki væru gerðar athugasemdir við breytinguna.

3. Niðurstaða

Með vísan til framanritaðs, í samræmi við III. kafla auðlindalaga og með vísan til 40. gr. raforkulaga, hefur Umhverfis- og orkustofnun ákveðið að veita Orkusölnni rannsóknarleyfi á tilgreindu svæði í Múlþingi þar sem stefnt er að því að afla frekari upplýsinga um stærð og umfang vatnsorkuauðlindarinnar á svæðinu .

Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum sæta kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. auðlindalaga. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina, nr. 130/2011.